

Mosfellsbær 20. júní 2018

Efni : Fundur í Varmárskóla 19. júní 2018

Viðtakendur: fundarmenn

Mættir voru:

Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri yngri deildar

Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri eldri deildar

Óðinn Pétur Vigfússon deildarstjóri eldri deildar

Gunnhildur Sæmundsdóttir skólafulltrúi

Hallgrímur Skúli Hafsteinsson verkefnastjóri umhverfissviðs

Þorsteinn Sigvaldason deildarstjóri eignadeildar

Arnar Jónsson forstöðumaður Þjónustu- og samskiptadeild

Jóhanna Björg Hansen framkvæmdastjóri Umhverfissviðs

Elfa Haraldsdóttir varaformaður foreldrafélags Varmárskóla

Sigríður Ingólfssdóttir meðstjórnandi foreldrafélags og skólaráðsfulltrúi

Rakel Baldursdóttir ritari foreldrafélags

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla hafði óskaði eftir fundi með skólastjórnendum til að ræða skipulag skólastarfs næsta haust. Á fundinn með stjórnendum voru mættir 5 fulltrúar bæjarins til að ræða ábendingar foreldrafélagsins sem sendar voru bæjarstjórn, bæjarstjóra og stjórnendum 14.maí og 15.júní 2018. Verkefnastjóri á umhverfissviði fór yfir viðhaldsframkvæmdir og endurbætur í skólanum 2016-2020 og svöruðu fulltrúar spurningum.

Þessi óvænta viðbót á fundinn sýnir áhuga allra á velferð barna og starfsmanna skólans en stjórn foreldrafélagsins telur að hann hefði orðið skilvirkari ef til hans hefði verið boðað. Stjórn foreldrafélagsins lítur svo á að þessi fundur sé upphafið að samtali um áhyggjur foreldra af viðhaldi skólans og vill áréttta mikilvægi þess að allri óvissu varðandi myglu og rakaskemmdir verði eytt fyrir haustið. Nauðsynlegt er að kalla til sérfræðinga á sviðinu og þar sem Efla gerði frumúttekt í júní 2017 teljum við nauðsynlegt að sérfræðingar þeirra fylgi málinu eftir með heildarúttekt. Tíminn vinnur ekki með okkur og brýnt að brugðist sé strax við því annars er óvíst að foreldrar treysti sér til að senda börn sín í skólann.

Mikilvægt er allir taki höndum saman um þetta sameiginlega hagsmunamál sem varðar tæplega helming yngstu íbúa bæjarins og fjölskyldur þeirra. Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir því að vera upplýst um næstu skref.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Varmárskóla,

Elfa Haraldsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir og Rakel Baldursdóttir